

OLÍUSKILJUR.

Olíuskiljur eru mengunarvarnabúnaður sem notaður er til að hreinsa eðlislétt vatnsfælin efni t.d. olíu eða önnur kolefni úr frárennslisvatni.

Kröfur um olíuskiljur og mengunarvarnabúnað byggja á þeirri meginreglu að olíubræk má ekki sjást þegar frárennsli berst út í náttúruna.

Árið 2002 og 2003 voru samþykktir nýir olíuskiljustaðlar ÍST EN 858-1: 2002 og ÍST EN 858-2:2003. Fjallar sá fyrri um hönnunarforsendur og prófanir á skiljum (gerðarprófanir), en sá síðari um val á skiljum og stærðarútreikninga m.t.t. aðstæðna og vökva sem olíuskiljan á að meðhöndla. Staðlana má nálgast hjá Staðlaráði Íslands (www.stadlar.is).

Meginatriði við staðsetningu á olíuskiljum varða útloftun og burðarþol. Brunamálastofnun gerir almennt ekki greinarmun á staðsetningu olíu/bensíntanka og olíuskilja. Útloftunarrör þarf að vera staðsett 6 metra frá bílastæðum en 12 metra frá byggingum og skal ná minnst 3,5 m yfir jörðu. Nánari upplýsingar um brunavarnir er að finna í “Reglur um brunavarnir á bensínstöðvum” útg. af Brunamálastofnun í október 1993.

Burðarþol olíuskilja getur verið afar mismunandi, en þær skulu ætíð staðsettar undir yfirborði jarðar. Velja þarf olíuskilju þannig að hún þoli þá jarðvegisdýpt og umferðarálág sem er á staðnum. Olíuskiljur þurfa að uppfylla kröfur um burðarþol í samræmi við ÍST EN 858-1:2002 sem miðast við:

- a) álag frá jarðvegi
- b) álag frá grunnvatni
- c) álag frá umferð

Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um olíuskiljur 3ju útgáfu 2005. Við útgáfu þeirra leiðbeininga falla úr gildi eldri leiðbeiningar um olíuskiljur, gefnar út af Hollustuvernd 1995.

Viðmiðun:

ÍST EN 858-1:2002.

ÍST EN 858-2:2003.

Olíuskiljur útg. 2005 af Umhverfisstofnun.

Reglur um brunavarnir á bensínstöðvum

útg. af Brunamálastofnun í okt. 1993.